

Breytingartillögur

við frv. til l. um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 3. gr.
 - a. 1. másl. 1. mgr. orðist svo: Íslenskt táknmál er fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra.
 - b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama rétt eiga nánustu aðstandendur.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:
Íslenskt punktaletur.

Íslenskt punktaletur er fyrsta ritmál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta. Hver sem hefur þörf fyrir blindralestur vegna skerðingar á sjón skal eiga þess kost að læra og nota íslenskt punktaletur um leið og hann hefur getu til.
3. Við 4. gr. Í stað orðanna „Íslenska ríkið stuðlar“ og orðsins „styður“ í 1. másl. 2. mgr. komi: Íslenska ríkið og sveitarfélög stuðla; og: styðja.
4. Við 5. gr.
 - a. Í stað tölunnar „18“ í 2. másl. 1. mgr. komi: 16.
 - b. Í stað 4. og 5. másl. 1. mgr. komi fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Hver eftirtalinn tilnefnir einn mann í málnefndina: Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Samtök móður-málskennara, Rithöfundasamband Íslands, Blaðamannafélag Íslands, Íðorðafélagið fyrir hönd orðanefnda, Bandalag þýðenda og túlka, Staðlaráð Íslands, Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræðinga, Hagþenkir og Samband íslenskra sveitarfélaga. Samstarfsnefnd háskólastigsins tilnefnir tvo menn í málnefndina. Ráðherra skipar tvo nefndarmenn án tilnefningar og skal annar vera formaður og hinn varaformaður. Velferðarráðherra tilnefnir þar að auki einn fulltrúa úr röðum innflytjenda.
5. Við 6. gr. Í stað orðanna „og hagsmunasamtök heyrnarlausra hér á landi“ í 2. másl. 1. mgr. komi: hagsmunasamtök heyrnarlausra og heyrnarskertra hér á landi og Samband íslenskra sveitarfélaga.
6. Við 8. gr. Í stað orðanna „rétt til að fá túlka- og táknmálstúlkabjónustu“ í 1. mgr. komi: rétt til túlkabjónustu.
7. Við 10. gr. Í stað orðanna „Stjórnvöldum er skylt að sjá til þess“ komi: Stjórnvöld skulu stuðla að því.